

Fundargerð Fagráðs í nautgriparækt

Fundur 26. janúar 2010 kl: 11:00 í fundarsal Lbhí Hvanneyri

Mættir:

Aðalfulltrúar með atkvæðisrétt

Guðný Helga Björnsdóttir, LK - Formaður fagráðs

Þórarinn Leifsson, LK

Magnús B. Jónsson, BÍ

Sigurður Loftsson, LK

Aðrir fagráðsfulltrúar með málfrelsi og tillögurétt

Gunnar Guðmundsson, BÍ

Baldur Helgi Benjamínsson, LK

Grétar Hrafn Harðarsson, LBHÍ

Þorsteinn Ólafsson, MAST

Björn S. Gunnarsson, SAM

Bragi Lindal Ólafsson, LBHÍ

Forföll boðuðu:

Svana Halldórsdóttir, BÍ

Gunnfríður E. Hreiðarsdóttir, BÍ – ritari fagráðs

Fundur settur kl 11:00.

1. Ársfundur fagráðs.

Ákveðið var að halda ársfund Fagráðs fimmtudaginn 18.mars n.k. og staðsetja hann á Vesturlandi að þessu sinni. Ákveðið var að leita eftir Hvanneyri sem fundarstað og tók formaður að sér að kanna málið.

Fundurinn yrði með hefðbundnu sniði með almennum ársfundarstörfum og skýrslum frá fagaðilum fyrir hádegi en síðan boðið upp á almennan fund frá kl. 13:00 með nokkrum erindum um málefni nautgriparæktar. Lagt var til að þar yrði fjallað um stefnumörkun til framtíðar og hin nýju kynbótalegu viðhorf í ljósi nýrrar tækni í kynbótamati nautgripa.

2. Umræða um framtíð ræktunarhóps fagráðs.

Haldið var áfram umræðu um framtíð sérstaks ræktunarhóps fagráðs en á síðasta fundi voru lagðar fram tvær óformlegar tillögur varðandi verkefnið. Magnús reifaði málið og í umræðum kom fram meiri stuðningur við að flytja verkefni ræktunarhópsins inn í fagráðið en að mæla með breyttri skipan sérstaks ræktunarhóps. Fram kom að þætti það æskilegt mætti kalla til sérfræðinga eins og gert er um ýmis önnur verkefni fagráðs. Ákvörðun var frestað en áformað að ljúka málinu á næsta fundi.

3. Fundur fagráða í nautgriparækt og sauðfjarrækt með forsvarsmönnum Lbhí.

Sameiginlegur fundur fagráða í nautgriparækt og sauðfjarrækt með forsvarsmönnum Lbhí hófst kl. 13.00. Rektor Ágúst Sigurðsson setti fundinn og bauð fundargesti velkomna. Af hálfu Lbhí sátu fundinn, Þorvaldur T. Jónsson framkvæmdastjóri, Björn Þorsteinsson aðstoðarrektor kennslumála, Ólafur Arnalds deildarstjóri Auðlindadeildar, Guðríður Helgadóttir deildarstjóri starfs- og endurmenntunardeildar. Áslaug Helgadóttir var forfölluð.

Rektor gerði ítarlega grein fyrir starfsemi skólans og fjárhagsstöðu. Greindi frá þeim breytingum sem gerðar hafa verið á fyrirkomulagi búrekstrarins á Hvanneyri, Hesti og Möðruvöllum. Hann lagði á það áherslu að allt yrði gert af hálfu skólans til þess að lágmarka áhrif þessara breytinga á rannsóknarstöðu skólans í nautgriparækt og sauðfjarrækt.

Að loknu erindi rektors urðu miklar og gagnlegar umræður og fulltrúar í fagráðunum beindu fyrirspurnum til rektors og annarra starfsmanna skólans. Í umræðunum komu fram áhyggjur af stöðu rannsókna í greinunum tveim og einkum óvissu um framtíðar fjármögnun þeirra. Í þessu sambandi var bent á mikilvægi Framleiðnisjóðs landbúnaðarins sem hefur verið ein megin stoð rannsóknastarfsemi í landbúnaði. Það kom fram að ef til vill hafi rannsóknaraðilar búgreinanna ekki verið nógu vel á varðbergi gagnvart framtíð Framleiðnisjóðs og ef til vill ekki haldið mikilvægi hans fyrir rannsóknar- og þróunarstarf í landbúnaði nægilega á lofti. Það var samdóma álit að þessu þyrfti að koma á framfæri við hlutaðeigandi aðila því ekki væri fyrir séð um aðra sambærilega fjármögnunaraðila að ræða til stuðnings rannsóknastarfsemi nautgriparræktar og sauðfjárræktar í landinu.

4. Önnur mál.

Engin mál komu fram undir þessum lið og fundi var slitið kl. 15.00.

Fundargerð ritaði Magnús B. Jónsson í forföllum fundarritara